



HEIMIR

ÚTGEFENDUR:

NOKKRIR ÍSLENDINGAR í VESTURHEIMI

IV. ARGANGUR



WINNIPEG, MANITOBA.

PRENTAD í PRENTSMIÐJU GÍSLA JÓNSSONAR, 582 SARGENT AVE.

1907—1908


HEIMIR

ÚTGEFENDUR:

NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI



IV. ARGANGUR



WINNIPEG, MANITOBA.

PRENTAÐ Í PRENTSMIÐU GÍSLA JÓNSSONAR, 582 SARGENT AVE.

1907—1908

EFNISYFIRLIT:

Að vera eða vera ekki	Bla. 73 - 81
„Af ávoxtunum skuluð þér þekkja þú“ Fr. Sveinsson	192
Almenn velferð (Edw. E. Hale,) Þýtt úr „Christian Register“	188 - 192
Apokrýfisk útgáfa af Jónasar Bók	19 - 24
Áfram og uppávið	194 - 199
Ársreikningurinn (Kvaði) St. G. Stephansson	169 - 173
Davíð konungur og dómstólarnir	45 - 46
Dauðinn cf. „Smásögur úr Talmudinum.“	
Dr. Sigurður Július Jóhannesson cf. „Nýr íslenzkur læknir.“	
Eg hattinn ber eins hátt og mér lízt (Kvaði eftir Drachmann) Kr. St. 193 - 194	
Eggert Magnússon Vatnsdal, cf. „Nokkrir formmenn.“	
Einar Ólafsson (Með mynd) Kristinn Stefánsson	97 - 99
Eiríkur Gíslason (Eftíagrip með mynd)	141 - 142
„ (Lýsing) S. B. Benedictsson	142 - 144
„Exposition of Morality“ (Fyrirlestur) Stefnán Thorson	27 - 45
Félagsmálín	234 - 240
Flokksfylgi. Guðm. Árnason	112 - 116
Framþróun trúarbragðanna. Guðm. Árnason	54 - 65
Frjálslyndi í trúarbrögðum á Hollandi (Eftir Síra J. T. Sunderland) Guðm. Árnason þýddi	101 - 112
Frjálslyndi í trúarbrögðum á Þýskalandi (Eftir Síra J. T. Sunderland) Guðm. Árnason þýddi	84 - 91
Frjálslyndur Kristindómur (Ræða eftir Lewis G. Wilson)	219 - 229
Gersemarnar í Héranesi (Saga) „Mark Tain“	6 - 14
Grunnavatnsbyggðin. cf. „Félagsmálín“	
Grönin (Saga) Kristinn Stefánsson	212 - 214
„Gæt þú mín!“ (Sálmur) Dr. Sig. Júl. Jóhannesson	265 - 266
Hallfreður Vandréðaskáld, fyrirlestur eftir Gisla Jónsson prentara	273 - 282
Hjarta heiðingjans (Saga eftir Cy Warman) E. J. Árnason þýddi ...	204 - 216
„Hvort unir þú betur nótinni eða deginum?“	266 - 270
Í veðraskiftunum (Kvaði) Þorst. Þorsteinsson	245 - 245
„Jehóva var ekki í vindinum“ (Kvaði) Stephan G. Stephansson	241
Jólanótt í hänsnakofanum (Saga Sophus Schandorph) Viðar þýddi.	153 - 167
Leiðréttigar (við æftíagrip)	18 - 19

Manngildið. (Visa) Stephan G. Stephansson	257
Menningarfelag Íslendinga. cf. „Félagsmálín“	
Millibils guðfræðin	66--67
Milli lesmáls og ljóða (Kvæði) Stephan G. Stephansson	1--5
Munurinn á sönnu og ósönnu frjálslyndi. Guðm. Árnason	91--95
Myrkrúnir (Kvæði) Grettir	187--188
Nikodemus [Kvæði] cf. „Milli lesmáls og ljóða“	
Nokkrir fornmienn. [Æflýsing]	199--203
Nýár [Áramóta hugleiðingar]	151--153
Nýr Íslenzkur læknir. [með mynd] Guðm. Árnason	82--84
Nýr söfnuður cf. „Félagsmálín“	
Óskar Svíakonungur [Kvæði] St. G. Stephánsson	145--146
” ” [Æflágrip með mynd]	146--150
„Óvinnanleg borg“ [Visa] St. G. Stephansson	150
Pantheism (Algýðistrú) [Fyrirlestur] Friðrik Sveinsson	173--187
Sannleikur. cf. „Smásögur úr Talmudinum“	
Síra Stefán Sigfússon [Æflágrip með mynd]	14--18
„Sjáðið manninn“	230--234
Smásögur úr Talmudinum	46--48
Sophía Olson [Eftirmæli] Gutt. J. Guttormsson	96
Sólhvörf [Kvæði] Viðar	121--122
Til þeirra meðseku [Kvæði eftir H. Ibsen] Kristinn Stefánsson	49--51
„Umbreyting og umbreytingarskuggi“	52--54
Um vedrðið [Jerome K. Jerome] G. Árnason fýddi I.	258--264
” ” ” ” ” ” II.	270--273
Undir hraundrangar -Kvæði- Pálmi Einarsson	282--284
Útförin veturnar 1904	167--168
Úti -Kvæði- Viðar	217
Vitnisburðurinn um Krist.	246--257
Vorsöngur -Kvæði- Þorsteinn Þorsteinsson	25--27
Winnipegsöfnuðurinn cf. „Félagsmálín“	
Þorsteinn Erlingsson -Fyrirlestur-	122--140
Örlög trúarinnar [Eftir James A. Froude] I.	68--72
” ” ” ” ” ” II.	116--120



HEIMIR



IV. úrgangur

WINNIPEG, 1907.

1. blað.

STEPHAN G. STEPHANSSON:

● MILLI LESMÁLS OG LJÓÐA ● NIKÓDEMUS.

1907

I.



ANN sagði' ekki af sér, og var það nú von?
Svo vel lærður maður og höfðingja son
Með átyllu' í Öldungaráði,
Og einkunnir hæstu sem hægt var að fá
Á háskólum Rabba og samkundum frá,
Sem kunni þær flækjur og fræði' upp á staf,
Sem Farísa hyggjan var belgtroðin af
Til agns þeim, sem orkti' eða spáði.

En burt hefði' ann rifið, en réð ekki við,
Þær rotfúa-kreddur og og andleysu-sið,
Og blæjuna' af embættisbræðrum,
Sem hápresta-andlit sín hengdu þeir á,
Svo heimskasta almenning þektust þeir frá,
Sem reigsuðu' um götur sem Hjálpræðisher
Með heimatrúboðskap um réttlæti' á sér,
Sem fyrirmund feðrum og mæðrum.

Hann þekti það líka, þó hátt væri hreykt,
 Að heimspekiskerfið hans sjálfss reyndist veikt,
 Og Sadúsi' í sérkreddum sleipur.
 Af ritningum feðranna sjálfur hann sá
 Um Síon og Hinnonsdal greindi þá á,
 Og honum fanst meinleg sín millibils-reið,
 Er Móses og Esjas fór hvor sína leið,
 Og torsótt var gull í þær greipur.

Og strokinn var Jóhannes eyðimörk á,¹⁾
 Og umbótavon hans og byltinga spá
 Var svöluン í leiðindum lýðsins — .
 Að lifa og deyja sem dúfur og örн,
 Að dreyma þar Eden sem náttúrubörn,
 Fyrst andlegur dauði við innlenda fórn,
 Og afsettur Jahve af rómverskri stjórn
 Var umbun og endalok stríðsins.

Svo kom þessi Jesús, sem áltið á
 Var uppvægt.—Hann sat líka veizluna þá,
 Sem forvitinn flokkur hans gerði,²⁾
 Á trésmiðinn hlýddi, sem taldi þá á,
 Er tignastir voru, og sátu þar hjá.
 Hann heyrði þeim brugðið um alt, sem var ilt,
 Og als ekki hógvært né bilgjarnt og milt,
 Þó sjálfur hann ekki það erfði.

Hann vissi, í sannleik þeir áttu það alt,
 Þó yrði nú samsætið þurlegt og kalt,
 Og veizluspjöll veitendum bökuð.—
 En föðurlandsástin og uppihald þjóð
 Var aðall sá, málefni hin ekki góð.
 Hann þekkti: Peir geymdu, þó fölsuð flest,
 Mörg fortíðar gull þau sem unni hann mest
 Með þeim sem í rúst yrðu röknuð.

1) Mark: I. kap. 6. vers, og áfram. | 2) Lúk: XI., 37., og áfram.

Og hann hafði viðriðinn verið þá ferð,
 Er var til þess meistara spurningin gerð
 Um skattinn, sem keisarinn krafðist.¹⁾
 Hann skildi, að landráð og lýðhylli manns
 Var launsnara tviegnnd að svarinu hans,
 Hann dáðist hve sniðugt hann vék sér þá við
 Úr vandræða spurning,— á hvoruga hlið
 Var unnið, né á því neitt hafðist.

Og eins hafði' 'ann sjálfur á svarið það hlýtt,
 Er segja varð Jesú斯 hvort ei skyldi grýtt
 In vergjarna leikmey að lögum.²⁾
 Og var hann ei hrósverður, háðleikur sá,
 Er hræsnin og mannúðin toguðust á.
 Hann vissi hvað bjó undir: ljóst eins og leynt
 Að lífsreynslan ein getur hitt svona beint,
 Sem skuldar ei skýrslum né sögum.

Og boðorðið heyrði' 'ann um kyrti og kinn,³⁾
 Og kenning um sáttfýsi' í mannshjörtun inn
 Og samúð með löbum og ljónum.—
 Í musteri hafði' 'ann svo meistarann hitt,
 Sem markaði bæjarins lét ekki fritt,
 En hratt niður búðum, og brakúnum frá.⁴⁾
 Hann brosti að friðspektar stillingu þá,
 Með viðtekin svik fyrir sjónum.

Og handhæg varð ritningin: Réttlætið er,
 Að reynast það öðrum, sem kysirðu þér!⁵⁾
 Slík orð báru meistara-merkin.—
 En tafðist ei hugsjón og þrá manns við það,
 Að þreifa' um sig áður en lagt er af stað?
 Og hafa' ei þeir foringjar fram úr því náð
 Sem flest hafa veitt oss, en minst gátu þáð?
 Hver óskastund verðfellir verkin.

1) Matth: XX—15, o. áfr. | 2) Jóh: VIII—4, o.á. | 3) Lúk: VI—29.
 4) Mark: XI—15, og áfram. | 5) Matth. VII—12.

Og hann hafði, til þess að stytta sér stund,
 Oft stolist um nætur á kennarans fund,¹⁾
 En lafhræddur leynt með það farið,
 Því kæmist það upp, misti umbótin hann
 Úr öldungaráði, sinn langbezta mann—
 Og gæti hann fjándskapinn friðað og lagt
 Við frjálslyndi ófsókt, og heiptræðum bægt
 Þá var líka mjög í það varið.²⁾

Og það var svo inndælt að vera þar við
 Er vinirnir sátu í kveldskuggans fríð'
 Við vínið og bræðralags-borðið,
 Og tungan gat hreyft því á hjartann lá,
 Og hugsunin vængjaði sérhverja þrá,
 En liðu í geiminn þau veraldar völd,
 Sem voru svo hindrandi, öfug og köld, --
 Þá sigraði andinn og orðið.

En þó sat hann hugsi og góndi' o'ní gólf,
 Er guðsríkis dólmstólar veittust þeim tólf.³⁾
 — Um Júdas hann ugði samt ekki —
 Hann velti því um, hvort að aðstoðun manns
 Sé embættis-vonin við sálarbót hans,
 Hann þekti það ögn, en var efins um sig
 Í öldungaráðinu, vissi þau stig,
 Sem tylla' á svo tvísýna bekki.

Þó hreyf hann sá boðskapur, blíður og frjáls,
 Sem bygði öll guðsríki' í veru manns sjálfs—
 Já, þar kom það, þetta lá nærrí.
 Hann greip það: ef lífinu alt gengur að,
 Að unaðarsælt verði manninum það,
 Í góðviljans löngun að eiga sér yl
 Af almennings gullöld, sem hvergi er til,
 Að lifa' öllum lögvenjum hærri.

1) Jóh: III--2. | 2) Jóh: VII--51. | 3) Matth: IX--28, og XX--20.

Að burt ætti' að þokast hvert þrælsvenju starf,
 Og þá myndi bróðernið taka sinn arf :
 Alt lifandi jarðríki' að lokum.
 Að enn myndi rætast sú oft svikna von,
 Að ættskyldan heimti hvern glataðan son.
 Að hnignun og eyðing sé harðúðar gjöld,
 Og hógværðin loks fái alræðisvöld,
 Og kasti' öllum kreddum og okum.

II.

Í öldungaráðinu lagði hann lið
 Þeim launkofa meistara' — en hafði' ekki við,
 Þeir krossfestu' 'ann eftir sem áður.
 Hann fann þó að andi þess unbótamanns
 Stóð uppi, hver stórþrá og takmörkun hans,
 Að þær myndu skapast og skiftast um völd
 Sem skuggar og sólskin í komandi öld,
 Sem óspunninn örlagaþráður.

Hann sagði' ekki af sér, og var það nú von?
 Svo vel láttinn maður og höfðingja son,
 Og úrvall í öldungaráði. —
 En hann gekk í líkfylgd sem hinn eða þú,
 Er hafin og enduð var krossgangan sú,
 Til merkis um virðing og vinsemdayl,
 Og vogaði' að leggja þá smyrslin sín til
 Svo útförin öll væri' að ráði.

Í öldungaráðinu enn er hann kyr,
 Hann annast um greftranir rétt eins og fyr,
 Hann leggar til líkfarir valdar.
 Og hann er oss skyldastur, eins og hann er.

III.

Í einrúmi' og musteri heilsum við þér,
 Við könnumst við ætternið, öpum þín spor,
 Pú andlegi faðir og jafningi vor,
 Pú niðji' okkar nítjándu aldar !

Gersemarnar á Héranesi.

eftir
„Mark Tain“.

Fyrir nokkrum árum síðan átti eg heima í þorpinu Windenough. Þar er landslagi svo háttáð, að án Currentless rennur framhjá þorpinu, og eru nokkrar mílur frá þorpinu og til sjávar. Hinumegin við þorpið eru síki nokkur, sem eru mjög ill yfirferðar, og að eins gagnkunnugir menn geta komist yfir. Þar sem þorpið Windenough stendur er hálfent og bratti mikill niður að ánni Currentless, og svo bratti tölverður á hinn bóginn niður að síkinu. Það er á að geta 3 mílur milli síkisins og árinnar þar sem þorpið stendur, en skamt fyrir neðan þorpið þá skerst vík úr ánni áleiðis í áttina til síkisins og síkið beygist til árinnar, svo að örstutt er á milli. Svo breikkar landið á milli þeirra, en mjókkar svo aftur þegar nær dregur sjónum. Nesið sem þannig myndast er áþekt hjarta sem hangi neðan við þorpið Windenough. Nes þetta er ilt yfirferðar á pörtum, sérstaklega þeim megin sem síkið er, það eru hér og þar forarpyttir, en gras mikið, og eigi gott að sjá hvar pyttirnir eru. Nokkur hluti af nesinu er kjarri vaxin, fáeinar skógarhríslur eru þar, og svo líka nokkrir þyrnirunnar. Nes þetta var kallað Héranes. Mun það hafa fengið nafn af því að tölувert var af hérum í nesinu. Allir þorpsbúar trúðu því, að peningar og ýmsar gersemrar mundu vera þar fólgnar. Víkin sem skarst úr ánni inn í nesið sést ekki öll fyrr en sight var eftir og fóru sögur af því, að þar hefði verið leynihöfn nokkurra sjóræningja, og að þeir hefðu fólgið ránsfé sitt einhværsstaðar í nesinu, en aldrei komið aftur til að vitja þess, og þorpsbúar bjuggust ætið við að þetta fé mundi finnast. Engar sérstakar iðnaðarstofnanir voru í þorpinu nema ein verksmiðja, þar sem búið var til Fosfor (glórefni). Nokkrir framtakssamir þorpsbúar höfðu tekið sig saman og safnað fé til að koma því á fót. Hafði sú fjársöfnun staðið yfir nokkur ár, en fyrir dugnað forgögumanna og sparssemi þorpsbúa, þá loks tókst þeim að koma þessu verkstæði á

laggirnar, en sem í ýmsu var ábótavant, og sem ekki var hægt að bæta úr fyrri en meira fé væri safnað. Fjársöfnuninni var því haldið áfram, því allflestum í þorpinu var þetta í fyrstu á-hugamál. Þó voru nokkrir menn, sem ekki vildu leggja neitt af mörkum til glórefnusverksmiðjunnar. Þeir kváðust enga trú hafa á fyrirtækinu. Þeir sögðu, að þeir gætu ekki skilið í því, að það gæti verið „markaður“ fyrir svo mikil glórefni sem væri fyrir gert að framleiða. Hinum varð svo í nöp við þá, sögðu að þeir spiltu fyrir málefnum og kölluðu þá föðurlands-óvini o. s. frv.

Þorpsbúar voru dálitið hjátrúarfullir. Höfðu þeir það fyrir satt, að eldar hefðu átt að sjást brenna í Héranesi, og átti það að vera logar upp af hinum fólgnu fjársjóðum, er sjóræningjarnir höfðu grafið þar, og enginn enn þá fundið. Enginn gat þó nafngreint neinn sem þá var lifandi, sem hefði séð eldinn. En svo bar það við einn morgun, að allir þorpsbúar voru uppi um það leyti að dagur var að koma upp. Hafði sú fregn flogið um alt þorpið, að eldur hefði sézt brenna um nóttina í Héranesi. Nokkrir drengir, sem voru á héraveiðum eða á öðrum veiðum, þóttust hafa séð eldinn. Einn þóttist hafa séð hann framarlega á nesinu, annar þóttist hafa séð hann ofarlega á nesinu áarmegin, og enn annar kvaðst hafa séð hann ofarlega á nesinu síkismegin, og nokkrir sögðust hafa séð hann í miðju nesinu. Þeir höfðu ætlað að handsama hann eða komast að honum, en hann hefði ætíð færst undan; þeim bar öllum saman um það, að hann hefði logað, og í hvert skifti sem hann hefði færst undan þeim, þá hefði hann blossað upp og stundum komust þeir svo nærrí honum, að þeir heyrðu, snarka í sinunni þegar blossarnir loguðu upp. Allir þorpsbúar voru þess fullvissir, að þetta væri loginn eða logarnir af fjársjóðum þeim, er fólk var fulltrúa um að þar væri grafið. Og það sem styrkti þá enn frekar í þessari trú—ef annars var hægt að auka hana—var það, að öllum sem höfðu séð elda þessa eða loga, bar saman um, að það hefði ekkert lýst út frá þeim. Þeir voru þá margir, sem höfðu heyrt hana ömmu sína eða afa sinn segja frá því, að það væri óyggjandi einkenni á eldum, sem brenna þar

sem gull eða fjársjóðir væri grafnir, að þeir baru enga birtu. Þorpsbúum kom öllum saman um, að nauðsynlegt væri að búa sig undir næstu nótt, því líklegt þótti að eldurinn mundi brenna í þrjár nætur í senn, og ein nótt væri nú þegar liðin. Helstu leiðtogarnir í þorpinu voru menn þeir er gengið höfðu bezt fram í því að stofna glórefnisverksmiðjuna, og gengu þeir fyrir því að kalla þorpsbúa saman á einn almennar fund. Þar skyldi rætt um hvernig bezt mundi verða að handsama logana næstu nótt, einnig að ákveða hvað skyldi gera við gullið og gersemarnar þegar búið væri að finna það. Skyldi sundurinn vera að miðjum degi í girðing nokkuði, er var nálægt miðju þorpinu. Það var búist við svo mörgum á fundinn, að enginn salur í þorpinu mundi vera nógu stór til að rúma þá alla.

Löngu áður en hinn ákveðni tími var kominn til að setja fundinn, var nærrí hvert mannsbarn í þorpinu komið á fundarstaðinn. Engir voru þar stólar eða bekkir, en pallur dálítill var reistur í einu horni girðingarinnar, sem ætlaður var helztu ræðumönnum og fundarstjóra. Þegar tími var kominn sté forstöðumaður glórefnafabrikkunnar upp á pallinn og kvaðst hann hafa verið þessum að stýra þessum fundi. Lýsti hann ánægju sinni yfir heiðri þeim sem sér væri sýndur í slíku, þar sem svo mikilsvarðandi málefni væri að ráða fram úr, og ekki að öllu leyti vandalaust. Það væri mikilsvarðandi, því nú væri líkur til, að bráðlega muni rætast þær vonir, sem þeim hefði öllum —hann vildi ekki segja— staðið fyrir svefni—, en hann hikaði sér ekki við að segja heillað hugi flestra þorpsbúa frá því þeir fyrst myndu eftir sér. Kvaðst hann strax á unga aldri oft hafa óskað eftir að hann findi gull og gersemar þær sem óesað væru fólgnar einhversstaðar í Héranesi, og nú ætlaði sú ósk að rætast. Vitaskuld mundi hann ekki finna það einsamall, og væri slíkt auðsjáanlega forsjónarinnar verk, svo að allir þorpsbúar einn með öðrum gætu notið þess. Kvaðst hann álíta slíkt sem bending um að menn ættu að nota féð þegar það væri fundið til almennings þarfa.—Lauk hann svo ræðu sinni. Kvaðst vona að mönnum mundi koma saman og bauð hann svo mönnum að taka til máls. Eftir að fundarstjóri hafði nokkrum sinn-

um boðið „orðið“, stóð vélastjórinn í glórefnaverksmiðjunni upp. Kvað hann þann dág mundi renna upp, ef ekki á morgun, þá næsta dag þar á eftir, sem þeir hefðu allir þráð frá því fyrsta að þeir hefðu haft vit á að gera greinarmun á guði og askinum sínum, og forsedur þeirra hefðu einnig þráð á undan þeim, en forsjónin hefði nú hagað því svo dísamlega, að þessi dagur hefði ekki runnið upp fyrr en nú. Það mætti kalla það „fylling tímans“. Ef þetta fé hefði fundist fyr, þá hefði því að öllum líkendum verið varið til ónauðsynlega hluta, en nú væri svo ástatt að eitt hið stórkostlegasta syrirtæki, sem nokkurn-tíma hefði verið stofnað í jafnitlum bæ, væri nú komið á fót, en sem ekki hefði nægilegt fé til þess að það gæti orðið að fullkomnum notum. Hann kvaðst ekki vilja særa tilfinningar nokkurs manns, en sagðist í þetta sinn ekki geta hjá sér leitt að minna fólk á þetta, að einmitt þetta gull og þessar gersemrar, sem hann sagðist álita sama sem fundið, hefði einmitt fund ist á þessu tímabili, þá væri það beinlínjs sama sem skipun frá forsjónarinnar hálfu, að nota það til þess að fullkomna stofnun þá, sem honum og helztu íbúum þorpsins hefði verið svo ant um. Honum fanst það líka vera nokkurskonar binding til þeirra manna, sem hefðu sett sig upp á móti þessari stofnun, bæði með því að leggja ekkert af mörkum til hennar, og eins með því að lýsa vantrausti sínu á henni. Nú væri það æðri stjórn, sem ætlaði að taka í taumana og það svo rækilega, að þeir (stofnendur þessa félags) ekki mundu þurfa að fara í fjárbónir til þeirra oftar, og sem á samia tíma mundi taka fyrir endan á öllum hrakspáni. Hann kvaðst naumast mundi þurfa að nefna hvaða stofnun hann ætti við; áheyrendurnir mundu vita að það væri glórefnisfabrikkan. Hann sagðist ætla að enda ræðu sína með því að gera þá uppástungu, að alt það gull og gersemrar, sem finnast mundi í Héranesi, væri afhent fulltrúum glórefnisfabrikkunnar og þeim falið á hendur að ráðstafa því á þann hátt sem þeim þætti æskilegast; sagðist hann vonast til að þessi uppástunga yrði samþykt mótmælalaust, og þegar búið væri að ráðstafa hvernig sénu skyldi varið, þegar það væri fundið, þá væri miklu auð-

veldara á estir, að ráðstafa hvernig leitinni skyldi hagað.— Uppástungan var studd. En rétt í því að fundarstjóri ætladi að bera hana upp, þá var beðið um orðið af einhverjum í hópnum, og þegar fundarstjóri spurði estir hver hann væri, gaf sig fram maður nokkur, sem aldrei hafði verið meðmæltur glör-efnisfyrirtækinu. Fundarstjóri var á tveimur áttum hvort hann ætti að leyfa honum að tala eða ekki. Hann var viss um að hann mundi tala á móti uppástungunni, og var hálshráddur um að það væri töluvert margir af þorpsbúum, sem ekki mundu vilja fallast á hana, ef einhver á annað bord yrði svo djarfur að mótmæla henni.

Þegar fundarmenn sáu að forseti var á báðum áttum, þá kölluðu þeir í sífelli: „Plattform. Plattform!“ Sá fundarstjóri sér ekki annað fært en leyfa manninum að tala. Ræðumaður byrjaði tölu sína með því að láta í ljósi ánægju sína yfir því hversu fundarstjóri væri óhlutdrægur í fundarstjérninni, að hann hefði sýnt það svo ljóslega með því að losa sér að tala. Hann (fundarstjórinn) hefði þó vitað, eða að öllum líkendum hlotið að ímynda sér að hann (tölu-naður) mundi ekki styðja neitt málefni sem ekkert hefði til síns ágætis annað en að styrkja glórefnisfabrikkuna. Hann sagði það væri ekki af „spite“ fyrir sér að hann væri á móti þeirri stofnun. Hann hefði aldrei getað séð að hún yrði þorpsbúum að neinu gagni, og enn sem komið væri hefði hún ekki orðið neinum til liðs nema kannske fáum mönnum, sem embætti hefðu við stofnun þessa, og það væri ekki lengur neinn hulinn leyndardómur, að töluvert margir, sem í fyrstu hefðu verið ákafir liðsmenn þessa fyrirtækis, væru farnir að draga sig aftur úr og jafnvel sumir af þeim opinberlega andvígir því. Hann áleit það væri alveg rangt gagnvart þeim, sem ekki væru með þessu málefni, að berja þessa uppástungu í gegn með meirihlúta atkvæða, jafnvel þótt slíkt væri mögulegt, sem hann taldi tvísýni. Þar að auki væri ekkert gull eða gersemar fundið enn, og stórt vafamál hvort það findist. Sagðist ekki leggja neinn trúnað á að neitt þessháttar væri nokkursstaðar fólgιð i Héranesi, þótt því líkt gæti vitanlega átt sér stað. Því síður sagði hann sér þætti

það trúlegt að þar mundi eldur brenna og að hægt væri að flnna auð eftir þeirra leiðbeiningu. Trúlegast þótti honum að þetta væru að eins mýrarljós, sem mynduðust af einhverjum lofttegundum (gasi), sem gufaði upp úr pyttunum í Héranesi. Kvað hann þið væri svo ofur bjálfalegt að fara að gera ákvæði um það, hvernig skyldi varið þeim auðæsum, sem ekki voru til, eða ófundin, og sem að hans álti væru alls ekki til, eða mundu aldrei finnast. Slikt ákvæði, ef það væri gert, gerði alla þorpsbúa í Windenough að almennu athlægi. Þeir væru orðnir að nægilegu athlægi í augum annara manna, og orsök til þess væri glórefnifabrikkan. — Eftir því sem leið á ræðv tölumanns fóru áheyrendur að ókyrrast. Nokkrir kölluðu upp og sögðu hann fara með bull og þvætting, en aftur kölluðu aðrir að hann skyldi halda áfram. Loks urðu ólatin svo mikil að ekkert heyrðist til ræðumanns. Fundarstjóri stóð upp og bað menn vera kyrra, en slikt hafði engan árangur. Óhljóðin urðu svo mikil, að aldrei hafði slikt heyrzt í Windenough. Það var líkast sem þorpsbúar væru orðnir ærðir, og hávaðinn og sköllin voru svo mikil að það bergmálaði í fjöllum, sem voru í 900 mílna fjarlægð. Þegar forseti sá að hann gat ekki við neitt ráðið, stökk hann ofan af pallinum og sagði fundi slitið. Dreifðust menn þá í smáhópa og urðu misjafnir dómar manna um fundinn. Nokkrir vildu kenna úrslitin manni þeim er síðast talaði, sögðu hann æfinlega koma frami sem óþokka; hann vildi aldrei styðja neitt gott fyrirtæki, en spilti vanalega fyrir því. Töluluðu þeir um að gera honum heimsókn og hafa með tjöru og fiður. Aðrir þar á móti álitu að hann væri engin sök í þessu. Uppástungan hefði verið bandvitlaus, og það hefði verið alveg rétt að mótmæla henni.

Ritstjórinn að blaðinu „Roundebout“ hafði verið á fundinum og rauk hann í skyndi heim á skrifstofu sína og ritandi langa ritstjónargrein í blaðið. Blaðið Roundabout var vikublað, sem gefið var út í þorpinu. Það var hér um bil 20 ára gamalt og höfðu ýmsir verið ritstjórar að því. Gárungarnir í þorpinu kölluðu það „Lyfjadallinn“, því það hafði fyrir nokkrum árum síðan spekúlerað í hleypisefni (pepsin). Ekki hafði

það grætt neitt á því fyrirtæki. Það átti að koma út daginn eftir, en ritstjórin lét þá undireins prenta það og bera það út. Af hraðanum sem útheimtist til að gefa blaðið út einum degi fyr en vanalegt var, þá var próförkin ekki lesin; var því tölubvert af prentvillum í þessari útgáfu. Grein sú er ritstjórinн rit-aði un fundin, un aðeín, se n fólgia væru í Héranesinu, eldana, sem hefðu sést brenna, um leitina sem hafin mundi verða um nöttina, var skörulega rituð. Öll orð og setningar, sem ætlast var til að menn veittu sérstaka estirtekt, voru rituð með upphafsstöfum eingöngu, og þau orð og setningar voru mörg í þessari grein. Gat ritstjórinн þess hverjar skyldur hvíldu á blaðamönnum, það væru sérstaklega þær, að fræða menn um alt gagnlegt. Skyldi slikt vera geit alveg hispurs-laust og án nokkurra vafninga. Sannaði hann það með dæmi-sögum og orðskviðum. Ritaði hann skorinort um það hvað blaðið Roundabout hefði æfinlega haft þá stefnu syrir augum, og þó sérstaklega s ðan hann tók við ritstjórn þess, enda kvaðst hann hafa fengið marga viðurkenningu frá lesendum blaðsins þvíviðvíkjandi. Sýndi hann það með því að tilfsæra nokkra kafla úr bréfum er ýmsir menn hefðu ritað sér. Bárú þeir allir vott um traust til ritstjórans, og voru honum þakklátir syrir þá einurð, sem hann hefði jafnan sýnt. Hefði hann atð komið fram sem „frelisispostuli“. Raunar sagði hann að móttöðumenn sínir (því móttöðumenn hefði hann nokkra, allir miklir menn ættu þá) hefðu að vísu nokkrum sinnum brugðið sér um ósamræmi í skoðunum þeim er blaðið hefði flutt, en meðan þeir hefðu ekkert út á ritstjórn sína að setja, nema ósamræmi, þá bæri hann höfuðið eins hátt eftir sem áður. Þetta samræmi sem menn væri altaf að stagast á, væri blátt áfram „nonsense“. Hann sagði að fj..... mætti hafa slíkt fyrir sér. Þeir menn er hefðu þessa svokölluðu samræmi, væru menn sem aldrei hefðu, og aldrei mundu komast áfram í þessum heimi. Maður yrði að slá járníð meðan það væri heitt, hvort heldur það hefði tekið langan eða skamman tíma að hita það. Þeir menn og þau fé-lög, sem það hefðu fyrir „princip“, hefðu æfinlega komist furð-anlega vel áfram. Því til sönnunar kvaðst hann vilja benda á

„Orange“ menn. Engum skynberandi manni hefði nokkurn tíma komið til hugar að brígsla því félagi um ofmikla „logic“, og hefði það þó náð hylli heldri mannanna ekki síður en sum önnur félög. Viðvíkjandi glórefnispabrikkti nni þá hefðu afskifti sín verið þau að slá úr og í, og kvaðst hann æfinlega hafa gert það hispuðlaust, en þó með þeirri lipurð, sem útheimtist til að halda eða ná vinfengi, bæði þeirra sem mótfallnir voru því fyrirtæki, og eins nokkurra þeirra er veittu því fylgi sitt. Viðvíkjandi fé því er tólgis mundi í Héranesi, hefði hann ætið haft þá skoðun að finnandinn, hver svo sem hann væri, ætti að eignast það, en sjálfsagt væri að greiða af því vissar prócentur í landsjóð. Svo þegar landsjóður væri búinn að draga þar frá allan þann kostnað, sem slík innheimta hefði í för með sér, þá hefði hann ekkert á móti því að afgangurinn af þeim prócentum eða parti af honum, væri varið til að styrkja glórefnispabrikkuna, eða eitthvað annað þarflegt, þó með því skilyrði að slíkar stofnanir bæru á sér eitthvert þjéðræknismerk. Hann endaði grein sína með því að hvætja alla unga og gamla til að taka þátt í leitinni í kveld. Það væri líkindi til að eldurinn eða eldarnir mundu brenna í nótt, en ekki víst að slíkt héldist lengi, og sitt „princip“ væri að taka gæsina þegar hín ga fist. Þessi ummæli ritstjórans að „Roundabout“ vökktu allmikla eftirtekt. Dáðust menn að ritnsnilli hans og því hversu djarsmannlega hannritaði. Var ekki um annað talað í þorpinu það sem eftir var dags en hæfileika ritstjórans að „Roundabout“, og svo hvernig menn ættu að haga sér um nóttina til að handsama logana í Héranesi.

Þegar rökkva tók, var fjöldur og fit uppi í Windenough. Allir sem skriðið gátu ætluðu að taka þátt í leitinni, en ekki höfðu þorpsbúar komið sér saman um neitt „plan“ eða aðferð hvernig leitinni skyldi hagað. Afleiðingarnar urðu þess vegna þær, að hver hagaði sér eins og honum þótti bezt við eiga.— Stuttu eftir dagsetur voru allir þorpsbúar komnir út í Héranes. Héldu þeir sig aðallega áarmegin, því nesið er þar miklu þurara. Ekki leið á löngu þar til sú fregn barst út meðal leitarmanna, að logi hefði sézt blossa upp nálægt miðju nesi.

Flýtti þá hver sér sem mest mátti, og af því myrkur var komið voru þeir ekki fáir, sem hrufluðu sig á þyrnum þeim, er voru viðsvegar þeim megin í nesinu. Þegar fjöldinn var komin fram í mitt nes, hafði loginn að sögn hörsað undan leitinni og út í mýrina. Nokkrir lögðu á stað út í hana, en margir áraðdu ekki, þeir vissu að mýrin var vond yfirferðar, pyttir og fen hingað og þangað. Engin slys urðu þó að undanteknu því, að tveir menn sem bjöggu hinumegin við síkið, og sem frétt höfðu um eldinn í Hérañesi og þjóðsögnar um gullið, sem ætti að vera þar fólgið, höfðu vaðið þvert yfir um það í þeim tilgangi að taka þátt í leitinni, en höfðu næri drukknad. Höfðu þeir orðið fastir í for og leðju og voru „aðfram kómnir“ þegar þeir loks náðu föstum jarðvegi, voru það þó hinir færstu menn.

Morguninn eftir barst sú fregn, að enginn eldur eða logar hefðu fundist í Hérañesi um nóttina, og ekki heldur neitt gull né gersemar; en menn höfðu handsamað héra nokkurn. Hafði alt hárið á honum verið fult með glórefni og sýndist ekki ólikur eldi eða loga þegar hann hoppaði í myrkri. Ekki vissu menn hvernig á því stóð að hérinn hafði fengið þetta glórefni á sig. Helzta tilgátan var sú, að einhverjir drengir hefðu gert það af leik.

Enginn af íbúum þorpsins Windenough vill minnast á þetta ævintýri, en fjöldinn er ennþá fullviss um, að gull og gersemar séu fólgnar í Hérañesi.

Séra Stefán Sigfússon.

Vér hugðum að ýmsum vinum „Heimis“ mundi þykja vel við eiga að vér létum blað þetta flytja örlistið aefiágrip manns þess, er að sínum hluta hefir styrkt það á ýmsa vegu frá því fyrst það kom út, þó ekki væri neins annars vegna. Í síðastliðin tvö ár hefir „Heimir“ flutt ýmsar greinar eftir séra Stefán

og þær að mörgu merkilegar, þó um leið sérkennilegar, sem ekki hafa ef til vill fallið öllum í smekk, og þarf ekki annað en minna á hina löngu ritgerð hans um „Hjátrú og Fjölkyni“ í öðrum árg. „Heimis“.

En svo er ervitt að rita svo að geðjist allra smekk, einkanlega þeirra er engan smekk eiga, og hefir „Heimir“ aldrei hugsað sér að keppa að því taknarki.

Pótt séra Stefán hefði engin afskifti haft af Heimi, var hann þó þess verður að hans hefði að einhverju verið getið að endaðri æfi, og þá meir en vikublöðin íslenzku hér í bænum hafa gerft. En hvér ræður sínum kveðjum og menningarfrömuðir hafa ærinn starfa annan en tefja við grafir dauðra — Íslendinga.

Séra Stefán Sigfússon er fæddur að Valþjófsstað í Fljótsdal í Norðurmúlasýlu 1848. Foreldrar hans voru þau Sigfús sonur séra Stefáns á Valþjófsstað (Árna sonar prests frá Kyrkjubæ) og konu hans Sigríðar (Vigfúsdóttur prests að Valþjófsstað Ormssonar), og Jóhanna dóttir Jörgens læknis Kjerúlfss.

Fyrstu árin ólst séra Stefán upp að Valþjófsstað hjá afa sínum, þar sem foreldrar hans bjuggu, en fluttist þaðan með þeim að Víðivallagerði í Fljótsdal og svo þaðan til Skriðuklausturs, þar sem faðir hans er enn.

Hann innskrifaðist við Reykjavíkurskóla 1865 og útskrifaðist þaðan vorið 1871 með fyrstu einkunn. Af prestaskólanum útskrifaðist hanin Þjóðhátiðarárið '74 og vígðist það sama haust að Skinnastöðum í Axarfirði. Skinnastöðum þjónaði hann í hálfst sjöunda ár, en sótti þá í burtu að Skútustöðum við Mývatn og fékk veitingu fyrir brauðinu vorið 1881. Þar þjónaði hann í sex ár, en fluttist svo austur og fékk veitingu fyrir Hofi í



SÉRA STEFÁN SIGFÚSSON.

Álfstafirði og var þar prestur í fjögur ár, þar til hann að ráði prófasts sagði af sér embætti og bjó síðan sem bóndi fyrst að Hofi í þrjú ár og þar næst í Borgarfirði eystra, unz hann fluttist af landi burt hingað til Winnipeg vorið 1901.

Haustið 1874 kvongaðist séra Stefán eftirlifandi ekkju sinni Malenu Þorsteinsdóttur Sigurðssonar frá Eyjólfssstöðum og Guðrúnar Skúladóttur, ættaðri úr Vatnsdal í Húnavatnssýslu. Þau hjón eignuðust 6 börn, sem öll eru á lífi, og eru 4 þeirra hér í landi, en 2 á Íslandi.

Framan af æfi var séra Stefán hraustleika maður og talinn eitt hið mesta karlmenni. Hann var afburðamaður að kröftum og glíminn vel. Skömmu eftir að hingað kom til lands kendi hann meinsemdar, er að lokum leiddi hann til bana, og andaðist hann úr krabbameini, að sagt var, þann 14. Desember síðastliðinn, 58 ára að aldri. Hann var jarðsunginn þriðjudaginn næstan eftir, þann 18. s. m., frá Unitarakyrkjunni íslenzku og flutti séra J. P. Sólmundsson frá Gimli og sá er þetta ritar ræður yfir líkinu áður en farið var með það vestur í Brooksidegrafreit.

Séra Stefán var að mörgu leyti einkennilegur maður. Var hann lítt við alþýðuskap, fálátur hversdagslega og hljóður á seinni árum. Þó var hann að eðlisfari félagslyndur. Ríkur var hann í lund og fremur ör, en aldrei langrækinn. Hann var ramm-íslenzkur í hugsunarhætti og fanst fátt um alt er leggja vildi bönd á ráð og skynsemi manna. Kona hans hefir sagt mér, að frá því fyrst hann kom úr skóla, hafi hugur hans hneigst mjög í frjálslynda átt og unni hann lítið fornum kreddum. Enda las hann það af yngri höfundum, er til hans gat borist frá Danniörku og Þýzkalandi, er opnað hafa veginn fyrir frjálsri rannsókn meðal fræðimanna Norðurálfunnar.

Að mörgu leyti mátti með sanni segja um hann, að hann leyndimanni. Hann var djúphygginn, velmentaður, víðlesinn, las og mælti á fimm tungumálum, auk þess sem hann kunni latínu mæta vel. Sérstaklega var hann heima í flestu, er að fornfræði og sögu guðfræðinnar laut, og heimspeki. Hann hafði um langan aldur lagt fyrir sig að rekja sögu og uppruna ýmiss-

könar hjátrúar og hindurvitna, og er hann leitaði hjátrúar, gekk hann ekki að til fyrir setur ortodoxiunnar, því á selstöðum hennar vissi hann vel að hleypidómarnir áttu hjardlendur víðar, og fagurlagðaðan og feitan pening.

Stökusinnum sagði hann ungum og öldnum vinum sínum frá hleypidóma-hjörðunum í beitarlandi „Hinna Einu og Sönnu“ og urðu þeir æfir við og kváðu hann lýsa lögarli þeirra til annara eigna. Hann varð því ófengsall á vinsaldir, enda var hann nú embættislaus, fátakur og sjaldnast ríkmannlega til fara. Hann hélt sig eins og efvin súgdu til, sem réttur og sléttur almúgamaður, og tilsýndar hveisdayslega þektist hann ekki úr þeim hóp. En sé það nokkuð öðru framar, sem almúgamanninum er í nöp við, þí er það jafningja sinn. Og hann hélt að séra Stefán væri jafningi sinn. Og svo er frændsemi margra meiri og rískari við kreddur og babiljur ef á þær er bját- að, en við blöðskylda ættingja—og það meðal *Íslendinga i Vesturheimi*.

Leiðina á enda fékk þetta mjög lítið á hann og fram að síðustu stund. Þó hefir sú saga borist út nú í seinnitið eftir einum „geistlegum“, er kom að heimsækja hann á banasænginni, að hann hafi átt að játa yfirsjón sína í því að sylfa tölu frjálslyndra manna hér vestra, og beðið þann hinn sama að taka sig „til bæna“ og veita sér sakramentið.

„Aa ja: Man véd nok, presten forkynder
naade for den og de andre synder“.

En á tvennu er að surða sig í þessu sambandi, að slík játning skyldi vera framborin við manna alls ókunnugan, en hvorki við ættingja né vini, og svo á hjartaleysi þess „geistlega“ vinar að synja hvorutveggju bænunum, því ekki eru verkin því til vitnis að þær hafi verið veittar.

En svo er heldur engin hætta á að slíkt hafi átt sér stað. Hann hélt ráði og rænu fram í andlátið og er það órækasti votturinn. Hugur hans hné að sama efni og verið hafði hin síðari ár. Eftir því sem „seinkaði legan hans langa“ varð hann altaf fullvissari um að hann hefði dæmt lífið og atvikin rétt og skoðun hans skeikaði ekki. Hann dvaldi daginn við að lesa, lesa

blöð og bækur og voru nokkur rit Ibsens þar með. „Íslands blómstur“ Jóns Sveinssonar voru í herdi hans einn dag er eg kom að sjá hann. Vard það til að færa samtalið að íslenzkum efnum og segir hann þá: „Eg hefi verið að risja upp gūmul atvik frá Fljótsdal. Hugurinn hefur verið hein að Fljótsdalshér-adi í seinni tíð. Þar er fagurt, vinur“. Og augu hans, sem annars voru fremur döpur, urðu snarari. Eg sá að hann sá fjar eitthvað fagurt.

Eg hefi verið að hugsa um það síðan. Oss er sagt að íslenzkt þjóðerni muni eiga örfa ár hér í landi. Má vera sú spá rætist. Má vera, eftir skamma hríð, skilji enginn órðin hans, er sofna er á burt með mynd aeskudalsins fyrir augum: „Þar er fagurt vinur“.

Mér fanst eins og eg hefði lifað eina grein frá fönnri tíð—eina stutta málsgrein, er eg fór heim þetta kvöld. Getur það verið að jafnvel enni kjósi sér íslenzkir útlendingar fyrir vestan reginhaf—íslenzkir útlagar— að „deyja í fellið“?

R. P.

LEIÐRÉTTINGAR.

Í æfiminningunum í síðasta árg. „Heimis“ hafa slæðst inn ýmsar villur, er vér vildum biðja lesendur að afsaka.

Það er í niðurlagsvísum í æfiágripi Bjarnar Halldórssonar að misprendast hefir í fyrrí vísunni orðið „Lága röðuls“, fyrir láar-röðuls. Hendingin á að lesast þannig: „Eik hefir lengi láar-röðuls o. s. frv.

Í æfiágripi Ólafs Ólafssonar frá Espihóli, biður höserdurinn að geta þess, að honum hafi óviljandi yfirsézt að geta þess, er hann mintist á fyrsta Íslendingadagshald hér vestra og segir frá því, að við það tækifæri hafi Ólafur Ólafsson og Jón skáld Ólafsson flutt ræður, að séra Jón Bjarnason, er ásamt þeim var

um þer mundir til heimilis í Milwaukee, hafi verið einn ræðumann, og gengist fyrir Íslendingadagshaldinu ásamt hinum.

Í æfiágripi Eyjólfss Eyjólfssonar hefir blandast málum þar sem sagt er frá Gróðafélagi og Framfarafélagi Íslendinga til forna hér í bænum. Þessi voru tvö óskyld fclög með mjög misjöfnu markmiði og tilgangi. Gróðafélagið eins og nafnið ber með sér, var nokkurskonar verzlunar- eða fjárglæfrafélag, er menn töpuðu stór fé í. Það fór á hausinn eftir nokkur ár. Aftur var Framfarafélagið í alt öðru augnamiði stofnað og voru í því flestir hinir betri menn Íslendinga hér fyrir og síðar. Félag það var við lísið fram á síðastliðin áramót að félagsmenn leystu það sundur og gáfu höfuðstól félagsins, er nam rúmum \$600 til ýmissa íslenzkra fyrirtækja hér í bænum.

Í Gróðafélagini var Eyjólfur aldrei, en í Framfarafélagini var hann þar til það hetti. Ummaeli þau í æfiágripinu, um Framfarafélagið, eiga því ad falla burtu, og um hluttekningu Eyjólfss í Gróðafélagini.



„Apókrýfisk“ útgáfa af Jónasarbók.

I. KAPÍTULI.

Af ferðum Jónasar. Honum er kastað í sjóinn.

Adonai talaði þessum orðum til Jónasar Amittaisonar: „Far af stað til Nineve og prédika móti henni“. Jónas bjóst til að flýja og fór ofan til Jaffa. Þar hitti hann skip, er ætlaði til Tarsis. Hann greiddi farleigu og fór um börð. Em miklu stormi varpaði á sjóinn og gerðist þá svo mikil ofverði að við sjálft lá að skipið myndi taka í sundur. Urðu skipverjar hræddir, hétu hver á sinn guð.

En Jónasi hafði verið vísað til rúms neðst í skipinu. Lá hann þar og svaf vært. Gekk einn háseta til hans og sagði:

„Hví sefur þú svo vart? Statt upp og ákalla þinn guð. Veia má hann minnist vor, svo vér týnumst ekki“.

Töluðu þá skipverjar hver til annaist: „Komið, látum oss kasta hlutum, svo vér vitum, hverjum það er að kenna að þessi ógæfa er yfir oss komin“. Köstuðu þeir síðan hlutum, og kom upp hlutur Jónasar.

Sögðu þeir þá til hans: „Hvað hefir þú gert? Hvaðan komst þú? Hvert er föðurland þitt? Hveirar þjóðar eit þú?“

Hann sagði til þeirra: „Eg er ebreskur maður og trúi á drottinn“. Urðu þá mennirnir stórum hræddir og sögðu. „Hví gerðir þú slíkt?“ Tóku þeir nú Jónas og küstuðu honum í sjóinn, og jafnskjótt varð hafið kyrt.

II. KAPÍTULI.

Jónas er glyptur, hittir fyrir sér menn, á tal við þá.

En þar kom að stórfiskur og svalg Jónas. Er Jónas kom í kvið fiskjarins urðu fyrir honum menn alln aigir og vísluðu þeir Jónasi í stafnrúm og kváðu hann bezt fallinn að stýra feiðum; væri hann og slíkum fórum vanastur. Settist Jónas þar og leið svo dagur til kvelds, að ekki bar til tíðir Þá, og næðust menn lítið við. En um midaftansibilið fyllir skyndilega af fiski og tók þá hver til sín, það er helst girntist. Er þá sest til snæðings. Er snæðingi var lokið kemur á sama hátt geithafursbelgur fyltur með dýrindis víni. Taka þá að örfast viðræður, er Jónas leysir frá skjóðunni og menn setjast að drykkju. Er nú um margt rætt.

Sprýr nú Jónas förunauta sína fréttu og sögðu þeir af hið sanna. Kváðust vera að flytja burt frá Óðlum sínum og væri ferð heitið til Úr í Kaldealandi. Þar hefði þeir spuit að létt væri um útveg til allra bjargráða. Nokkrir voru frá Ai, Hebron, Mara og Eyðimörkinni og enn víðar að. Kannaðist nú Jónas við að þeir voru allir samþjóðarmenn hans. „Rétt er yður hermt frá vistagnægtum Kaldealands, en hverjar eru sakir til að þér flýið svo unnvörpum land feðra yðvarra, „landið, sem flýtur af mjólk og hunangi?“ „Þær einar bera sakir til, að vér festum þar ekki lengur yndi og hefir margt breyzt þar um hagi

manna um vora daga. Viljum vér nú freista gæfurðar á ekum nū um stað, og kunnið þér oss holl ráð og viturleg að leggja, sem svo viðförulir eruð, væri oss þökk á því”.

„Eigi er svo”, mælti Jónas, „en sagt get eg yður frá hversu þar til hagar áður vér skiljun. En hvað er meir fréttu að segja af búendum?”

„Helstu tisindi eru lausamenskulög, er mjög hafa aukið til vandræða búöndum, útsvör, skatta og skyldur. Taka hjén nú ríðara, kaup en áður og þykir illa greiðast sái ekki hver húskarla fullan Gomer viðsmjörs um daginn. Svo eru og ambáttir miður auðsveipar húsbændum við það sem áður var. Safnast þar nú sabbatsdag hvern upp til hæðanna eða fram til strandar, niður að sjávarvör og danza fyrir Istarte, berja bunibur, slá Gittith. Er það óvænt mjög, því með þeim er flokkur heiðingja, Amorita, Edomíta og Kannaaníta, er leiða þar til skurðgoðadýrkunar og ýmsrar villu, svo þar verða húsbændum fráhverfar og sýra þeim hvorki lotningu né tilbeiðslu. Spillist n eð því síðurinn mjög og veitir húsbændum nú erviðara að launa dygga þjónustu og útleyسا trúá ráðsmenn með gjöstum og kvólfingum, er til nauða rekur, en áður var á dögum föður vors Abrahams, Isaaks og Jakobs. Þá er og ótalið vanbrúkun sabbatsdagsirs, og eru nú ferðalög lítt miðuð við hina fornu sabbatsgöngu.

Er nú alls ekki ótítt að njöltum sé ekki sintn é búopeningur hirtur, eður geitfé og sauðum haldið til haga, er nú hjörðin ost tvistruð um Libanons fjöll og rifin af refum og ljónum.

Þá eru og kaupskifti afar treg, og skuldir meiri, fæst nú hvorki myrrah né malt, anis né filabein frá Arábíu, né gull frá landinu ókunna í suður frá Edom. Og mun það margan á brott knýja af landi voru, landinu sem flýtur í mjólk og hunangi, hve þungt er með öll viðskifti”.

„Það má eg skilja”, mælti Jónas, „að þá taki að þröngva kosti manna, er öll kaupskifti eru komin í ónýt efni, því þau hefir þjóð vor rekið með mestri aluð frá ómuna tíð, alt frá dögum Abrahams föðurs vors, er hann hélt kaupstefnu við Abin c-lek konung í Salem og græddi af honum offjár”.

„Það heyri eg hvertvetna að talin er ættlands vors versti og

mesti ókostur skuldirnar, og eru búender sagðir sitja í skuldum upp í linda. Og álita því margir í landi Filistea sitt fyrsta og æðsta skylduboð að studla að burtflutningi manna”.

Jónas þerði sér í framan og lá við að tárfrica, því hann var hinn mesti þjóðarvinur og hafði sungið mörg leikvæði um landið sér til afþreyingar, er hann á ferðum sínum hafði dvalið ein-vistum í kviði fiskjarins. En nú hlaut hann að sannfærast af fortölum meðfarþegja sinna, að landið legðist í eyði, en fólk flýdi til nýrra átthaga.

„Með fleiru en einu móti gerist nú óvistlegt á landi voru”, héldu ferðamenn áfram. „Um morgna, er húsbundi heitir á menn sína til upprisu, svara þeir oft kveðju þans óblítt: „Ilvet er þjón þinn hundur, að þú ávarpar hann þannig, enn er ekki miður morgun og munum vér enn sofa um stund”. En bíandi má sjálfur standa upp, spenna sér linda og annast um vinnu. Er það ei ólíkt „fráfærna stríði”, að koma hjúum úr rekkju, og ei ólítill þvingun ástinni, sem þó er sterkari en hel og sterkari en „fráfærna stríð”.

Kalli húsfreyja til ambáttu sinna í orðum föðurs vers Salmons áður hún stígur af rekkju og segi: „Endurnar mig með rúsírukökum”, hrópa þær millum svefnrosanna: „Eg hefi fæjt mig af mínum kyrtri, hvernig skal eg fára mig í hann aftur? Eg hefi þvegið misna fætur, hvernig skal eg gera þá óklára aftur?” Má af þessu sjá, að þær nýtast lítt, sökum svefnhöfga og leti”.

Menn voru nú farnir að gerast all-teitir og var nú geithaf-ursbelgurinn drukkinn ofan til hálfss.

III. KAPÍTULI.

Ræða Jónasar og frásögur hans af Kaldealandi.

Fór nū líka að nálgast staðinn, er Jónas ætlaði til. „Þars eg hefi heitið að segja yður áður en vér skiljum hversu tilháttar í Kaldealandi, þá er það fyrst af að segja, að þeir er þangað hafa flutt, láta aldrei annað spryrjast en þeir hafi bætt hag sinn með vistaskiftunum, og að þjóð vor lifi þar sem rósir á Sharons hæðum eða rádýr á Gileadsfjöllum, því gnægð er þar um vistir og hunang og mjólk er þar á hvers mannstungu. Þó segja oss

fródir menn að tunga vor og þjóðerni beri þar beinin á skýnum um tíma. Harma þeir það mjög, en segja þó sem er, að ekki tjái um að sakast, enda ollir það þeim hvorki áhyggjum nái kvíða. Að sönnu er það leiðinlegt og kemur beiskum tárum fram í augun í fyrstu. En með þeim hætti verða menn þó Alheimsborgarar, að þeir asklaðist sínu forma edli, og er nú margur, er þangað kom snemma, svo mjög búinn að því, að tæpast er hann eftir í annari skálminni. Er það sonum vorum og dætrum hinn mesti styrkur til vegs og meta, að nái þeim takmörkum sem fyrst, svo að margar geti orðið dætningar eirs og Ester, og margir trúnaðarmenn eins og Mardokai.

Enn fremur sökum gnagðar og vistagnóttar er leiðin gerð bein og vegurinn sléttur að eðlisumskiftunum. Kaldea er töfraland. Heimsjúkum útlendingum byrlar hún óminnisdýr, setur þá að krásum og þeir eta og verða mettir. Og þá er Íður þeirra eru hrærð, kemur hinn angurblíði saðningsfríði yfir þí, eins og engill Magogs strýkur tár þeirra á buri og lekar augum þeirra með kossi. Eftir það er striðið unnið, og óska fáir sér þá til baka að Kedrons bökum, eða til Gileadsfjalla.

Pá gleymist flest, eða alt.

Þá kemur svefninn væri og vér vitum varla af oss innan um allan aragrúan, er þangað hefir safnast eins og þar staði yfir dómsdagur—vitum lítið í þenna heim (og alls ekkert í hinn).

Vér týnum sjálfum oss, verðum Alheimslægjar, verðum svo breiðir og víðir, líkastir sem vér gengjum á vinstri fætinum og vinstri hendinni, og verðum ekki lengur vér. Vér verðum „Ba“ Kivitans og „Ka“ Hittitans, og slái oss einhver á hægri kinnina, þá er upp snýr, þá er það ekki vér, heldur Amoritinn, sem fyrir höggini verður. Og slíti einhver hár vort, er það hárfléttja Jebusita en ekki vor, sem slitin er. Þannig með því að verða „Alheimsborgarar“ slepum vér hjá sviða og sársauka—að finna til, gleymum öllum þjóðarmetum.

Og svo blöndum vér blóði með yfirþjóðinni. Tíðkanlegast er það á þann hátt, að Filisteinn ber sér til blóðs á knúnum, en oss á iljunum, og rennur þá blóð vort saman. Bindast með oss fastmæli og bræðralög, vér þjónum þeim, en þeir bjóða oss.

Vér girðum linda vorá, reiðubúnir að svára kalli húslérfáls.
Þeir spretta gjörðinni verði þeir ósáttir um þjónustuna.

IV. KAPÍTULL.

Efílok Jónasar.

En sauræðurnar urðu ekki lengri. Fljótara en elding lýsti hvarf Jónas á brott frá þeim og skaut á land. Fór hann nú sem leið lá uns hann kom til Nineve, og segir ekki meira af ferðum hans. En er menn spurðu hvað fyrir hann hefði borid, varð þessi fór hans allfræg og var lengi í minnum höfð, og hafa margir undrast um hvað orðið hafi af þeim hinum félögum hans er eftir sátu í kvíði stórfiskjarins og hefir aldrei til þeirra spurzt.

Mælt er að Jónas hafi setið um kyrt eftir þetta í Nineve og sé grafin þar. Var hann þá 198 ára, er hann var gleyptur af hvaluum. Var hann enn alls ófarinn að heilsu og djarfur til allra áræða, en með aldrinum gerðist hann hrumur og vilaði fyrir sér að leggja í slíkar langferðir. Kaus hann heldur að setjast að um kyrt það eftir var daganna, og njóta friðar og hvíldar í ellinni. En sjómaður var hann ágætastur allra, svo sögur greini frá.

ENDIR

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

ÞEGEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR í VESTURHEIMI.

Afgreiddslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gisli Jónsson, 582 Sargent Ave.